

Hlunnindi.is - hvað er það?

Hlunnindi.is er vefur þar sem landeigendur geta skráð veiðileyfi á sínu landi til sölu. Notendur geta keypt tiltekna daga og greitt þá gegnum vefinn.

Veiðimenn geta skráð veiðitölur sínar á vefinn. Þannig safnast upp gögn sem í framtíðinni sýna hvar veiðihorfur eru góðar, miðað við fyrri reynslu. Landeigendur geta hvatt til slíks með því að endurgreiða hluta kaupverðs, ef veiðitölum er skilað.

Austurnet á vefinn og sér um rekstur hans, skráningu svæða og uppgjör til landeigenda.



Landeigendur þurfa að staðfesta eignaræða umráðarétt sinn á landinu. Þeir senda upplýsingar um svæðin til starfsfólks Austurnets, sem setja þær inn í kerfið. Öll uppsetning er landeigendum að kostnaðarlausu.

Austurnet tekur 20% þóknun fyrir hvert selt veiðileyfi og greiðir allan kostnað vegna uppgjors við kortafyrirtæki. Öll

veiðileyfi eru seld án virðisaukaskatts.

Landeigendur senda Austurneti reikning fyrir 80% af andvirði seldra veiðileyfa. Þeir reikningar verða greiddir um leið og uppgjör hefur borist frá kortafyrirtækjunum.

Einnig er stefnan að bjóða upp á skráningu upplýsinga um tengda þjónustu, s.s. gistingu, veitingar, akstur og hvað annað sem tengja má við skráningu veiðileyfa.

Samstarfsaðilar:



Búnaðarsamband
Austurlands

Veiðivefur

www.hlunnindi.is



Styrktaraðilar:



sími: 471-1216 - hlunnindi@hlunnindi.is

Rjúpnaveiði

Undanfarin ár hafa nokkrir landeigendur selt rjúpnaveiðileyfi á vefnum. Skráning veiðileyfanna hefur þá hafist um leið og Umhverfisstofnun hefur birt reglur ársins og salan síðan hafist fljótlega eftir það.

Framboð er mun minna en eftirspurn og hafa leyfi á sumum svæðum selst upp strax á fyrsta degi. Á þeim svæðum þar sem framboð hefur verið meira, dreifist salan gjarnan yfir tímabilið en er þegar á heildina er litið, mjög góð.

Þeir landeigendur sem selt hafa gegnum vefinn, telja reynsluna yfirleitt góða. Auðveldara er að hafa yfirsýn yfir hverjir eru að veiða á hverjum tíma og hættan á að of margir séu á svæðinu á hverjum tíma er úr sögunni. Veiðimenn skulu bera með sér veiðileyfi og geta sýnt þau ef þess er óskað.



Myndir: Skarphéðinn Þórisson



Gæsaveiði

Áformað er að hefja sölu á gæsaveiðileyfum í sumar. Til að það megi verða þúrfum við að fá landeigendur með okkur. Nú þegar hafa nokkrir lýst áhuga sínum á að vera með.

Áhersla verður lögð á að fá landeigendur sem víðast um landið til að vera með svo notendur/veiðimenn geti fengið veiðileyfi sem næst sínum heimahögum.

Sölueiningin verður veiðidagur (eða dagar) með eina byssu. Verð er ákvarðað af hverjum landeigenda fyrir sig og einnig fjöldi leyfa á dag.

Veiðisvæðin verða að vera hentug og vera nægilega fjarri byggð og vegum til að hætta skapist ekki af.



Austurnet ehf. Miðvangi 1, 700 Egilsstöðum
Sími: 471-1216 • www.austurnet.is

Viltu vera með?

Ef þú átt land, þar sem rjúpnaveiði eða gæsaveiði er til staðar, geturðu nýtt veiðivefinn til að selja veiðileyfi og halda utan um fjölda þeirra einstaklinga sem leyfi hafa til veiða hverju sinni.

Það sem til þarf:

- | | |
|--------------------------|---------------------------|
| • Kort af veiðisvæðinu | • Upplýsingar um tengilið |
| - Aðkoma | - Nafn |
| - Bílastæði | - Heimili |
| - Stærð svæðis | - Farsími |
| • Lýsing á svæði | - Netfang |
| • Fjöldi veiðidaga | • GPS-punktur* |
| • Fjöldi leyfa pr. svæði | • Ljósmyndir* |
| • Verð pr. leyfi | |

*(ekki nauðsynlegt)

Ef þú hefur áhuga á að selja veiðileyfi á vefnum okkar, hafðu þá samband við okkur í síma 471-1216 eða með tölvupósti á netfangið@hlunnindi.is